

Hryðjuverk Nató, mótmæli og krafa Jeffrey Sachs til Öryggisráðs SP

Skemmst er að minnast kröfu þýska þingmannsins, Sevim Dagdelen, um rannsókn á hryðjuverkum Nató, þ.e. Bandaríkjamanna og Norðmanna, í býsna augljósu vitorði með Svíum, Dönum, Pólverjum og (væntanlega) Þjóðverjum.

Bandaríski hagfræðingurinn, Jeffrey Sachs, hefur nú beint þeirri skýlausu kröfu til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, um að þjóna nú tilgangi sínum, og rannsaka það, sem hann kallar alþjóðleg hryðjuverk í Eyststrasalti.

Í reynd eru öll ríki Nató meðábyrg fyrir téðum hryðjuverkum. Það á líka við um ríkisstjórn Íslands. Hvernig mun hún bregðast við? Sú var tíðin, að Íslendingar kröfðust umfjöllunar í Öryggisráðinu vegna ásiglingar bresks herskips á varðskip Íslendinga. Það sýnist miklu smærra í sniðum.

Slóð Nató er blóði drifin. Það hlýtur allt hugsandi fólk að sjá í sögulegri sjónhendingu, sbr. eyðileggingu Líbíu, Sýrlands, Sómalíu, Írak, Afganistan og nú þátttaka þeirra í stríðinu í Úkraínu.

Bandaríkin og Nató fara með hernaði á hendur hverjum þeim, sem dirfist að ógna hagsmunum þeirra, efnahagslegum (dollaravæðingu) eða hernaðarlegum yfirgangi, eða þeim, sem neita að veita alþjóðlegum auðhringum aðgengi að auðlindum sínum, sérstaklega þó olíu og málmum.

Það er svikamyllan í sambandi við dollarinn, er gerir Bandaríkjunum, sem í raun eru gjaldþrota, kleift að halda úti herstöðvum um allar álfur, og stunda sífelldan stríðsrekstur.

Því er von, að þeir bíti frá sér, þegar gjaldeyri þeirra er ógnað; fyrsta dollarastríðið var háð gegn Írak, þegar Saddam Hussein neitaði að selja olíu sína í bandarískri mynt; annað dollarastríðið var svo háð, með sérstakri aðstoð Norðmanna, gegn Muammar Gaddafi, sem vildi versla með olíu í gulldinörum; þriðja dollarastríðið hófst, þegar Rússar – nú Kínverjar og margir fleiri eins og BRICS ríkin – reyna að slíta af sér viðjar hin bandaríska gjaldmiðils.

Það er ekki nema von, að Jósef Bandaríkjaforseti biðji Guð sinn að fjarlægja Vladimir Putin, þann djöful með horn og klaufir. En hann virðist treysta guði sínum rétt mátulega. Því heyr hann stríð – í fyrstu staðgengilsstríð – til að leggjast á sömu ár og Guð.

Samtímis er Volodymyr Zelensky hafinn upp til skýja í vitundariðnaðinum, orðinn hálfguð eða dýrlingur eins og Katrín í vitund Íslendinga. Stefið um góða og vonda gaurinn er sívinsælt og hrífur vel á huga fólks.

Stríð Bandaríkjanna og Nató eru ævinlega háð í nafni mannréttinda, umhyggju, mannúðar, friðar, farsældar og lýðræðis, jafnvel þótt stolið sé verðmætum eða gjaldeyrisvaraforða ríkja eins og Venesúela, Afganistan og Rússlands.

Nefnd ríki búa aukin heldur við viðskiptaþvinganir af hálfu vestrænna ríkja. Í aðförinni að Rússlandi standa 39 ríki. Það íslenska er eitt þeirra. Í þessu efni hafa þau ekki haft erindi sem erfiði. Markmiðið var að kollsteypa rússneska ríkinu.

Mörg þeirra hafa einnig sent hergögn á vígvellina í Úkraínu, þar sem ungir piltar eru drepnir umvörpum og fjölda óbreyttra borgara steyppt í ógæfu. Vígvöllurinn í Úkraínu er orðinn sorphaugur fyrir úr sér gegnin vopn Vesturlanda, samtímis því að vera tilraunavettvangur fyrir nýrri drápstól.

Á fimmtugustu ráðstefnu bandalagsins árið 1999 var samþykkt ný herkænskustefna fyrir bandalagið, sem þá þegar hafði stækkað til muna. Hin nýja stefna felur í sér árásir „utan svæðis,“ þ.e. um alla Evróasíu.

Nú teygir bandalagið anga sína til Eyjaálfu og Asíu í samræmi við heimsveldis- og hernaðarstefnu Bandaríkjanna. Hún miðar að því að „girða af“ Rússa og Kínverja með herstöðvum. Bandaríkjamenn hafa um þessar mundir um 800 herstöðvar utan eigin lands. Nató hefur skilgreint báðar fyrrgreindar þjóðir sem fjanda sína.

Nató lætur ekki þar við sitja, heldur ásælist einnig Suður-Ameríku. Árið 2018 gerði bandalagið samstarfssamning við Kólumbíu, þrátt fyrir, að ríkin í latnesku Ameríku og við Karabíska hafið, séu yfirlýst kjarnorkulaus svæði, sbr. Tlatelolco samninginn (treaty) frá 1967, en það var einmitt í Tlatelolco í Mexíkó árið 1968, að murkað var lífið úr andmælendum gerræðis, sem sífellt færir í vöxt í lýðræðisríkum Nató.

Árið 2014 lýsti Nató því yfir, að blása skyldi nýju lífi í baráttuna gegn hryðjuverkum. Nýlega voru tvö þeirra, Noregur og Bandaríkin, staðin að hryðjuverkum gegn Rússum og nokkrum aðildarlöndum í Nató sjálfu.

Samvinna þessara hryðjuverkaríkja á sögu aftur til Víetnamsstríðsins, baráttunnar um Tonkin flóa, sem var ein af annáluðum „lygaárásum“ (false flag) sögunnar eins og árás nasista á Ráðhúsið í Berlín á sínum tíma.

Lygaárásir og alls konar lygasviðssetningar í því skyni að varpa af sér sök og réttlæta vopnaskak, njóta mikillar hylli hjá stríðsóðu fólki. T.d. átti það við um hryðjuverkið í Eystrasalti. Nú kynnu Úkraínnumenn - eins og þeir gerðu í Póllandi og Hvíta-Rússlandi að undirbúa sams konar árás á Transnistríu (Transdniester, klofningsríki úr Moldóvu, með landamæri að Úkraínu. Íbúar eru Rússar, Úkraínnumenn og Moldóvar. Ríkið nýtur ekki alþjóðlegrar viðurkenningar, en varð til, þegar Ráðstjórnarríkin leystust upp. Það er á áhrifasvæði Rússa.)

Nató hefur staðsett kjarnavopn í Belgíu, Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi, Ítalíu og Tyrklandi. Líklegt má telja, að þau sé líka að finna í Noregi.

Hinn stríðsóði framkvæmdastjóri Nató, Jens Stoltenberg, hefur hvatt aðildarríkin til að vopnvæðast enn frekar og verja meira af skattfé almennings til stríðsundirbúnings og stríðsbröltis. Áður hefur verið miðað við 2% af landaframleiðslu. Það skal nú verða lágmark.

Nú þegar verja Natóríkin himinháum upphæðum til hermála. Aðrir komast hvergi nærri með tærnar, þar sem bandalagið hefur hælana. Í vígslóða Bandaríkjamanna, eftir lok annarrar heimsstyrjaldarinnar, liggja um tólf milljónir í valnum.

Nýlega áttu sér stað mótmæli (þann 19. þessa mánaðar) í Bandaríkjunum og víðar; „Gegn hernaðarvélinni.“ „Fordæmið stríðsvélina“ (rant against the war machine) voru vígorð þeirra. Mótmælendur hræðast hamslausan hildarleik í veröldinni. Meðal ræðumanna var Ron Paul, sem er kunnur fyrir afhjúpanir sínar á covid-19 hneykslinu.

Það eru fleiri sem ala á slíkum ótta. Í Lundúnum verða í dag (25. feb.) mótmæli gegn ógnarverkum stríðsbandalagsins, „No to Nato Conference,“ sem er liður í stærri mótmælaöldu, „Herferð gegn Nató“ (No2Nato Campaign) á vegum fleirþjóðlegra samtaka gegn ófriði og stríði. Þau kalla sig, „Gegn stríði – gegn Nató“ (No to war – No to NATO). Samtökin voru stofnuð á sextíu ára afmæli Nató 2009. Stofnendur voru friðarfélög víðsvegar um heiminn.

Mótmælendur höfðu bókað Conway Hall fyrir viðburðinn. Þegar hótanabréf tóku að berast, sáu umsjónarmenn hallarinnar sig til knúna til að aflýsa honum.

Mótmælunum verður þó ekki aflýst.

En hugsanlega hætta Bandaríkjamenn og Nató stríðsbrölti sínu í Úkraínu, þegar ávinningurinn minnkar. Þeir – í samvinnu við hergagnaiðnaðinn – hafa þegar stóraukið vopnasölu. Elskulegar frænkur okkar í Finnlandi og Svíþjóð fá nú að punga út aukalega fyrir bandarískum hergögnum til að verja sig og okkur hin fyrir Rússum.

Í nýlegri skýrslu frá hugsjónasmiðju Bandaríkjastjórnar, RAND stofnuninni, segir á þessa leið: Langdregið stríð í Úkraínu býður hættum heim og gífurlegum kostnaði. Hann vegur hugsanlega upp ávinning Bandaríkjanna af framlengingu stríðsins.

(Auðdrottarnir reka margar slíkar smiðjur eins og: Project for the New American Century, Foreign Policy Initiative, American Enterprise Institute, Center for a New American Security, Institute for the Study of War, Atlantic Council, Brookings Institue.)

Pat Buchanan, fyrrum ráðgjafi Ronald Reagan, Bandaríkjaforseta, sagði svo: Með hliðsjón af óhjákvæmilegri hernaðaraðstoð til Úkraínu, getum við með rétti tilkynnt yfirvöldum í Kænugarði, þegar okkur sýnist svo, að áhættan við frekari stríðsaðgerðir vegi þyngra en ávinningurinn, og neitað þeim um meira af skotfærum.

Þessi orð verður að skoða í því ljósi, að Bandaríkmenn (og Nató), ásamt Japönum, standa nú í ströngu við að undirbúa stríð gegn Kínverjum um Taívan. Liður í þessum undirbúningi eru nýjar herstöðvar á Filippseyjum.

Það eru einmitt Kínverjar, sem til viðbótar Tyrkjum og Brasilímönnum og fl., reyna nú að stilla til friðar í hinni ólánsömu Úkraínu. Þeir hafa sent frá sér friðartillögu í tólf liðum. Fyrsti liður kveðjur á um virðingu fyrir fullveldi allra ríkja. Sameinuðu þjóðirnar hafa algerlega brugðist í þessu tilliti.

https://geopoliticaconomy.substack.com/p/germany-ukraine-war-sevim-dagdelen?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.washingtonpost.com/world/2023/02/22/global-south-russia-war-divided/?utm_source=rss&utm_medium=referral&utm_campaign=wp_world&utm_source=reddit.com

<https://web.archive.org/web/20230223151018/https://www.nytimes.com/interactive/2023/02/23/world/russia-ukraine-geopolitics.html>

<https://www.aljazeera.com/news/2022/4/26/five-things-to-know-about-russian-backed-transnistria>

<https://www.mintpressnews.com/chris-hedges-rage-anti-war-machine-speech/283753/>

https://korybko.substack.com/p/the-new-york-times-admitted-that?utm_source=substack&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/china-actually-has-a-decent-chance?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://mronline.org/2022/11/21/maligned-in-western-media-donbass-forces-are-defending-their-future-from-ukrainian-shelling-and-fascism/?fbclid=IwAR3vgdyL4e7Ka4SeQmkFYYQsZrV2jh84jQZfZnF2GDx2LVouk16xEB1xzlc>

<https://responsiblestatecraft.org/2023/02/21/we-made-putin-our-hitler-zelensky-our-churchill-and-the-media-fell-in-line/>

<https://seymourhersh.substack.com/p/from-the-gulf-of-tonkin-to-the-baltic>

<https://www.youtube.com/watch?v=au3sGTgRpAU>

https://korybko.substack.com/p/kievs-impending-false-flag-transnistrian?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/02/slutten-pa-verden-slik-vi-kjenner-den/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/02/den-tredje-dollarkrigen/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://cnduk.org/campaigns/no-to-nato/>

<https://geopoliticeconomy.com/2023/02/20/west-global-south-neutral-ukraine/>

<https://cnduk.org/resources/no-to-nato/>

<https://steigan.no/2022/11/en-malrettet-krigforing/>

https://steigan.no/2023/02/max-blumenthal-pa-rage-against-the-war-machine/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.npr.org/2018/10/02/653779935/whats-changed-in-mexico-since-the-1968-student-protests>

<https://original.antiwar.com/mbenjamin/2023/02/21/whos-winning-and-losing-the-economic-war-over-ukraine/>

<https://geopoliticeconomy.com/2023/02/22/china-report-us-hegemony-wars-coups-intervention/>

<https://www.youtube.com/watch?v=0V-KbX3VPM>

<https://www.un.org/nwfz/content/treaty-tlatelolco>

<https://www.youtube.com/watch?v=w4abLKf4p5U>

<https://morningstaronline.co.uk/article/b/freedom-speech-fears-conway-hall-cancels-no-nato-event-after-intimidation>

<https://rageagainstarwar.com/#Speakers>

<https://www.youtube.com/watch?v=dQn0l9ULLxQ>

<https://www.youtube.com/watch?v=w4abLKf4p5U>

https://www.mfa.gov.cn/eng/zxxx_662805/202302/t20230224_11030713.html

https://www.youtube.com/watch?v=syalwLw0_m4

https://www.anti-spiegel.ru/2023/der-moment-der-wahrheit-innerhalb-der-nato/?doing_wp_cron=1677090625.3637430667877197265625

<https://www.youtube.com/watch?v=wr5MBrvnPLw>